



HÉRAÐSDÓMUR
VESTURLANDS

D Ó M U R

5. maí 2006

Mál nr. **S-371/2005:**

Ákærandi: Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
 (*Daði Jóhannesson fulltrúi*)

Ákærði: X...
 (*Sveinn Andri Sveinsson hrl.*)

Dómari: Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 5. maí 2006 í máli nr. S-371/2005:

Ákærvaldið

(Daði Jóhannesson fulltrúi)

gegn

X

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl sl., höfðaði sýslumaðurinn í Stykkishólmi með ákæru 19. desember 2005 á hendur ákærða, X..., kt. [---], til heimilis að ..., ...; „fyrir líkamsárás.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. ágúst 2005, á dansleik um borð í ferjunni Baldri í Stykkishólmshöfn, skallað dyravörðinn A..., kt. [---], í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut þreifieymsli yfir nefrót og blóðnasir. A... hafði afskipti af ákærða vegna átaka á dansleiknum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Skipaður verjandi ákærða, Sveinn Andri Sveinsson hrl., hefur aðallega gert þær kröfur fyrir hönd ákærða að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

I.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var haldinn dansleikur um borð í Breiðafjarðarferjunni Baldri aðfaranótt 14. ágúst 2005. Meðal gesta á dansleiknum var ákærði í máli þessu.

Laust eftir kl. 02:00 um nóttina komu gæslumenn á dansleiknum með ákærða í tókum til lögreglu. Var einn gæslumannanna, A..., alblóðugur í andliti og bar hann ákærða þeim sökum að hafa skallað sig í andlitið. Handtók lögregla ákærða og færði hann á lögreglustöðina í Stykkishólmi. Þar var ákærði í haldi nokkra stund en fékk síðan að fara frjáls ferða sinna um kl. 03:00 um nóttina.

A... kom á slysadeild Sjúkrahúss Akraness 15. ágúst 2005. Í framlögðu vottorði Fritz H. Berndsen, yfirlæknis á handlækningadeild, sem læknirinn vann upp úr

sjúkraskýrslum sjúkrahússins vegna komu A... á slysadeildina, segir meðal annars að við skoðun hafi hvorki verið að sjá verulegt mar né bólgu og nef verið eðlilegt. Sjúklingur hafi verið þreifiaumur yfir nefrót en engin skekkja.

II.

Ákærði greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann verið á dansleik um borð í ferjunni Baldri ásamt þremur stúlkum, B..., D... og E.... Kvað ákærði nokkur þrengsli hafa verið á dansgólfinu. Ástandi sínu lýsti ákærði aðspurður svo að hann hefði verið „léttdrukinn“.

Ákærði sagði eina stúlkuna hafa rekist í sig meðan á dansinum stóð og hann við það næstum dottið. Til að varna falli hefði hann stigið eitt skref afturábak og þá rekist utan í einhvern strák. Í kjölfarið hefði komið til ýtinga á milli ákærða og þriggja stráka, sem áður hefðu verið búnir að gera tilraunir til að dansa við stúlkurnar. Að hefði þá borið gæslumann sem gengið hefði á milli og tekið ákærða frá. Hefði ákærði staðið rólegur á lengdar þegar einn strákanna hefði gengið að honum og slegið hann í höfuðið með þeim afleiðingum að höfuð hans skall í höfuð gæslumannsins sem verið hefði með ákærða í tókum. Í framhaldinu sagði ákærði fleiri gæslumenn hafa borið að og hefði einn gæslumaðurinn tekið um háls hans og haldið honum mjög harkalega undir hendinni og fjarlæggt hann af vettvangi. Ákærði hefði síðan verið afhentur lögreglu.

III.

A... skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið við gæslustörf á dansleik um borð í ferjunni Baldri. Um nóttina kvaðst vitnið hafa veitt athygli látum á dansgólfinu (bíladekkinu) milli ákærða og þriggja annarra stráka. Vitnið hefði farið til strákanna og tekið í ákærða en sagt hinum að bíða meðan hann ræddi við ákærða. Þremmingarnir hefðu þá sleppt tókum sínum á ákærða. Eftir að hafa skilið ákærða frá hinum kvaðst vitnið hafa haldið um hönd ákærða, horft framan í hann og sagt: „Viltu ekki koma með mér aftur í bátinn, ég ætla að tala við þig.“, en ákærði þá stangað hann í andlitið. Lýsti vitnið högginu nánar svo að enni ákærða hefði komið á nef vitnisins. Í kjölfarið hefði vitnið tekið ákærða tókum, það tekið hann „haustaki“, og farið með hann frá borði og fengið hann lögreglu.

Fyrir dómi voru eftirfarandi ummæli, sem höfð eru eftir vitninu í framlagðri lögregluskýrslu frá 25. ágúst 2005, borin undir vitnið: „Þá hafi einn aðili komið þarna að og gert sig líklegan til þess að slá X... og kveðst mætti hafa komið í veg fyrir það.“ Aðspurtt kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu atviki. Vildi vitnið hins vegar ekki halda

því fram að ranglega hefði verið eftir því haft í skýrslunni og tók fram að það hlyti að hafa munað atvik máls betur er það gaf skýrsluna, sem tekin hefði verið stuttu eftir að þau gerðust.

F... greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann verið gæslumaður á dansleik um borð í ferjunni Baldri. Vitnið sagði það og féлага þess, A..., hafa staðið við sitt hvort borð bátsins. Um nóttina hefði vitnið veitt athygli stympingum milli manna hinum megin í bátnum, beint á móti vitninu, en vitnið átt erfitt með að sjá nákvæmlega hverju fram fór vegna mikils fólksfjölda á vettvangi. Í framhaldinu hefði vitnið hins vegar séð A... fara með ákærða afsíðis sem skyndilega hefði stokkið „upp í“ A... og skallað hann í andlitið og hefði enni ákærða komið beint á nef A.... Sérstaklega aðspurt hafnaði vitnið því alfarið að um óviljaverk hefði getað verið að ræða. Í kjölfar höggins sagði vitnið A... hafa farið með ákærða frá borði.

E... bar fyrir dómi að hún hefði verið á fjölmönnum dansleik um borð í ferjunni Baldri umrædda nótt ásamt ákærða og tveimur vinkonum sínum, D... og B.... Vitnið sagði einhverja stráka hafa komið til þeirra stelpnanna og farið að dansa við þær, þeir verið „utan í okkur stelpunum“, en strákarnir síðan tekið að ýta í þær. Í kjölfarið hefði „fólkið byrjað að slást í kringum okkur“ og sagðist vitnið þá hafa forðað sér í burtu. Fram kom hjá vitninu að ákærði hefði í framhaldinu orðið fyrir barsmíðum frá nokkrum strákum. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð nákvæmlega það sem fram fór þeirra á milli vegna mannfjölda á dansleiknum og troðnings. Gæslumaður hefði því næst komið á vettvang og tekið ákærða frá og verið með hann í tökum þegar einn strákanna hefði farið að ákærða og kýlt hann.

G... lögreglumaður greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann verið staddur á bryggjunni í Stykkishólmi ásamt starfsfélaga sínum þegar gæslumenn á dansleik, sem staðið hefði yfir um borð í ferjunni Baldri, hefðu komið með ákærða til þeirra. Einn þeirra hefði verið blóðugur í framan og hann upplýst lögreglu um að ákærði hefði skallað hann í andlitið. Vitnið kvað lögreglu hafa tekið við ákærða, sem verið hefði mjög æstur, og hefði starfsfélagi vitnisins, H..., verið með hann í tökum aftur í lögreglubifreiðinni á meðan vitnið ók henni að lögreglustöðinni í Stykkishólmi. Ákærða sagði vitnið hafa róast á leiðinni og er á lögreglustöðina kom hefði hann verið leiddur fyrir varðstjóra sem rætt hefði við hann.

H... lögreglumaður bar fyrir dómi að lögreglu hefði umrædda nótt borist tilkynning um að maður hefði skallað gæslumann um borð í ferjunni Baldri í Stykkishólmshöfn. Vitnið sagði gæslumenn hafa komið með ákærða frá borði í tökum

og hefði einn þeirra verið blóðugur í andliti. Lögregla hefði í framhaldinu tekið við ákærða og vitnið sest með hann í aftursæti lögreglubifreiðarinnar. Vitnið sagði ákærða hafa verið kolvitlausan og hann barist um í fyrstu en síðan róast. Á lögreglustöðinni hefði ákærði verið orðinn viðræðuhæfur og hann því verið leiddur fyrir varðstjóra. Kvað vitnið ákærða hafa viðurkennt fyrir lögreglu að hafa skallað gæslumanninn með þeim skýringum að hann hefði talið að verið væri að ráðast á sig.

I... lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði ákærði verið færður fyrir hann á lögreglustöðinni í Stykkishólmi. Vitnið sagðist hafa rætt við ákærða sem viðurkennt hefði að hafa skallað gæslumann á dansleik þessa nótt en gefið þá skýringu á athæfi sínu að hann hefði talið gæslumanninn vera einhvern þeirra aðila sem hann hefði áður verið í stypingum við og ákærði því óttast árás af hans hendi.

IV.

Svo sem rakið er að framan var haldinn dansleikur um borð í ferjunni Baldri í Stykkishólmshöfn aðfaranótt sunnudagsins 14. ágúst 2005. Upplýst er að ákærði sótti dansleikinn ásamt þremur stúlkum, E..., D... og B....

Samkvæmt framburði E..., ákærða og tveggja gæslumanna á dansleiknum, þeirra A... og F..., liggur fyrir að til stypinga kom milli ákærða og nokkurra ónafngreindra ungra manna á dansleiknum. Jafnframt er upplýst með framburði sömu aðila að A... skarst í leikinn og skildi ákærða og mennina að.

Framburður ákærða um að hann hefði sætt árás ónafngreinds manns þegar A... var með hann í tókum fær stuðning í framburði E... fyrir dómi. Þá fær hann einnig nokkurn stuðning í lögregluskýrslu sem tekin var af A... 25. ágúst 2005. Í skýrslunni er eftir A... haft að einn aðili hefði komið að þeim ákærða og gert sig líklegan til þess að slá ákærða en honum hins vegar tekist að koma í veg fyrir það. Að þessu virtu þykir verða að leggja til grundvallar að ónafngreindur maður hafi ráðist að ákærða skömmu eftir að A... hafði af honum afskipti.

Fyrir dómi fullyrti ákærði að höfuð hans hefði skolið í höfuð A... við það að hinn ónafngreindi maður sló hann í höfuðið og því ekki verið um viljaverk að ræða. A... bar aftur á móti fyrir dómi að eftir að hann hefði tekið ákærða frá hefði hann haldið um hönd ákærða, horft framan í hann og ávarpað hann, en ákærði þá stangað hann í andlitið þannig að enni ákærða kom á nef vitnisins. Á sömu lund bar F... en hann sagði ákærða skyndilega hafa stokkið „upp í“ A... og skallað hann í andlitið og hefði enni ákærða komið beint á nef A.... Taldi F... af og frá að um óviljaverk hefði verið að ræða.

Undir rekstri málsins féllu sækjandi og verjandi frá því að leiða vitnið D... fyrir dóm til skýrslugjafar, en vitnið var statt erlendis er aðalmeðferð málsins fór fram. Það að vitnið gaf ekki skýrslu fyrir dómi dregur verulega úr gildi vitnisburðar þess, sem fram kemur í símaskýrslu lögreglu af vitninu, sbr. ákvæði 48. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur verður að mati dómsins ekkert um það fullyrt að framburður vitnisins, svo sem hann birtist í nefndri skýrslu, fari gegn áður tilvitnuðum framburðum A... og F... Þykir dóminum því ekkert hafa komið fram í málinu, að framburði ákærða undanskyldum, sem í bága fer við framburði gæslumannanna um hvernig það atvikaðist að höfuð ákærða og A... skullu saman umrædda nótt.

Að öllu framangreindu virtu þykir dóminum sannað með afdráttarlausum framburðum A... og F..., svo hafið verði yfir skynsamlegan vafa, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991, gegn neitun ákærða, að ákærði hafi af ásetningi skallað A... í andlitið á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir og með þeim afleiðingum sem þar er lýst, sbr. vottorð Fritz H. Berndsen yfirlæknis og framburði lögreglumannanna G... og H..., en með þeirri háttsemi sinni braut ákærði gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði 2. september 2005 dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjársvik, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í 2 ár. Þá var hann 14. október það sama ár dæmdur til greiðslu 35.000 króna sektar fyrir líkamsárás er talin var varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Brot það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir framdi hann fyrir uppkvaðningu beggja ofangreindra dóma. Með heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir eins og hér stendur á mega láta skilorðsdóminn frá 2. september 2005 haldast og dæma ákærða refsingu sér í lagi án skilorðs, að teknu tilliti til 78. gr. almennra hegningarlaga.

Að broti ákærða virtu og með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi sex daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála dæmist ákærði til að greiða allan kostnað sakarinnar. Með vísan til framlagðs sakarkostnaðaryfirlits dæmist ákærði til að greiða 18.700 krónur vegna öflunar

áverkavottorðs. Að auki greiði hann kostnað að fjárhæð 11.300 krónur, sem hlaust af skýrslugjöf vitnis, og þá verður hann enn fremur dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., sem hæfilega teljast ákveðin 131.472 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og jafnframt ferðakostnað verjanda 22.000 krónur. Ákærði greiði því sakarkostnað samtals að fjárhæð 183.472 krónur.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist lítillega vegna starfsanna dómara.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X..., greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi sex daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði 183.472 krónur í sakarkostnað, en þar af eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 131.472 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kristinn Halldórsson